

# Félag aðstandenda geðsjúkra stofnæð Eru lítillækkaðir og auðmýktir

Aðstandendur og velunnarar geðsjúkra hafa stofnæð með sér félag sem þeir nefna Geðhjálp. Í félagini eru um hundrað manns og er tilgangur þess fyrst og fremst að bæta aðstöðu geðsjúkra í hvívetna og fræða þá sem heilbrigðir eru um geðsjúkdóma.

Formaður Geðhjálpars er Sigríður Þorsteinsdóttir og varafomaður Margrét Hlin Sveinsdóttir. Aðrir í stjórn eru Guðbjörg Björnsdóttir,

Birna Bragadóttir, Andrea Þórðardóttir, Jóhanna Þráinsdóttir og Elias Kristjánsson.

Í ræðu sem Andrea Þórðardóttir hélت á stofnundi félagsins sagði hún m.a. að ættingjar geðsjúkra kaemu oft að lokaðum dyrum þegar þeir ætluðu að leita sér hjálpar og væru niðurlægdir og auðmýktir í pokkabót. Þessu vilja félagar i Geðhjálp bæta úr og hafa því komið

á fót fræðsluhópum og öðrum starfshópum til hjálpar.

Til að byrja með verður félagið með opíð hús einu sinni í viku á Geðdeild Landspítalans. Einnig er áætlað að flytja fræðslufyrirlestra og mun Tómas Helgason yfirlæknir riða á vaðið.

Geðhjálp áætlaðar að hafa samstarf við félagið Geðvernd sem starfar einnig að aðstoð við geðsjúka.

-DS

[http://timarit.is/view\\_page\\_init.jsp?issId=228152&pageId=3089192&lang=is&q=Ge%F0hj%E1lp](http://timarit.is/view_page_init.jsp?issId=228152&pageId=3089192&lang=is&q=Ge%F0hj%E1lp)